



## **Hönnun ljósastýrðra gatnamóta. Arna Kristjánsdóttir, Andri Rafn Yeoman og Eyrún Aradóttir – júlí 2022.**

### Ágrip skýrsluhöfunda:

Ekki eru til íslenskar leiðbeiningar fyrir hönnun ljósastýrðra gatnamóta en víða erlendis eru til greinar góðar leiðbeiningar sem ber að nota við hönnun. Ljóst er að margar þjóðir innan Evrópu eru komin langt á veg við gerð leiðbeininga er snúa að hönnun umferðarljósa og er hver þjóð með sína sýn áviðfangsefnið. Þó eru leiðbeiningarnar byggðar upp á svipaðan hátt og leiða hönnuði og notendur áfram í hvernig skal hanna ljósastýrðgatnamót á sem besta vegu með tillit til umferðaröryggis og greiðleika. Kemur til að mynda skýrt fram í öllum leiðbeiningunum og reglum að skoða þarf hver gatnamót vel hverju sinni og hanna umferðarljósinn í samræmi viðaðstæður hverra gatnamóta.

Markmið þessa verkefnis er að taka saman þær handbækur og leiðbeiningar sem notaðar eru í nokkrum löndum innan Evrópu, þ.e. í Noregi, Danmörku og Þýskalandi. Mælt er til þess að þau hönnunarviðmið og þær leiðbeiningar/reglur sem nefndarhafa verið í þessu verkefni verði notaðar til grundvallar í íslenskum leiðbeiningum. Mikilvægt er að taka saman leiðbeiningar hérlendis til að samræma fyrirkomulag og þannig aukaöryggi og greiðleika allra vegfarenda um ljósastýrð gatnamót.